

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2018

2021/EES/15/13

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/524 frá 28. mars 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódrínafóp, klóprýralíð, sýpródríní, díklórpróp-P, fosetýl, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, pírimetaníl, kínoxýfen, rímsúlfúrón, spínósað, þíaklórpríð, þíametoxam, þíram, tóklófosmetýl, tríklóprýr, trínexapak, trítíkónasól og síram⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0524:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/524 frá 28. mars 2018 (Stjtið. ESB L 88, 4.4.2018, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/524, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 4.4.2018, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.